



Starfsáætlun 2021

Fræðsluskrifstofa

Reykjanesbæjar



Starfsáætlun 2021 Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

Reykjanesbær, mars 2021

Inngangur

Starfsáætlun fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar hefur það hlutverk að samhæfa starfsemi sviðsins og skilgreina helstu áherslur og umbótaverkefni á árinu 2021. Mikilvægt er að huga sífellt að umbótum, þróun og nýsköpun á sviði menntamála með það fyrir augum að búa börnum sem best umhverfi til að alast upp í og þroskast.

Síðasta ár litaðist óhjákvæmilega af heimsfaraldrinum sem reið yfir og hafði gríðarleg áhrif á líf og störf okkar allra. Allt frá því að sóttvarnalæknir og almannavarnir gáfu það út um miðjan mars mánuð 2020 að komið væri á samkomubann og takmörkun á skólahaldi var öllum ljóst að við ættum krefjandi verkefni fyrir höndum, verkefni öðrum mikilvægari sem yrði að hafa algjöran forgang. Hlutverk skólanna og okkar allra sem störfum að fræðslumálum var að verja innviði samfélagsins, veita börnum öryggi og menntun og halda þeim í eins mikilli rútínu og mögulegt er. Skemmst er frá því að segja að allir sem einn lögðust á eitt með samstöðu og samhug að leiðarljósi. Nemandinn í brennidepli eins og segir í stefnu Reykjanesbæjar – *Börnin mikilvægust*.

Starfsáætlun 2021 tekur mið af þessum aðstæðum og við undirbúning hennar er sérstakt tillit tekið til stöðu verkefna frá fyrra ári. Starfsáætlun þessi dregur fram fáein áhersluverkefni fyrir árið 2021 en auk þeirra verður áfram unnið að mikilvægum verkefnum, stórum sem smáum, sem eiga það sameiginlegt að stuðla að bættum árangri í menntamálum. Þar má nefna innleiðingu PMTO, stöðumatið fyrir börn af erlendum uppruna og samþættingu skóla-, íþrótt- og tómstundastarfs. Einnig eru ýmis ný verkefni dregin fram og koma inn sem forgangsverkefni í þessari starfsáætlun. Enn fremur eru nokkur stór samstarfsverkefni eins og *Barnvænt sveitarfélag* og *Allir með* sem eru allt umlykjandi og tengjast allri annarri starfsemi. Þá ber að nefna það hér að vinna við endurskoðun menntastefnu Reykjanesbæjar stendur nú yfir og er stefnt að því að henni ljúki haustið 2021.

Áfram verður unnið að uppbyggingu skóla- og íþróttamannvirkja. Síðastliðið haust hóf Stapaskóli starfsemi sína í nýju glæsilegu skólahúsnæði. Um er að ræða fyrsta áfanga af þremur. Nú stendur yfir undirbúningur annars áfanga sem er íþróttahús og sundlaug og þriðji áfangi er síðan húsnæði fyrir yngstu börnin sem eru á leikskólaaldri, frístundaheimili og nám í heimilisfræði. Útisvæði sundmiðstöðvarinnar við Sunnubraut hefur verið endurgert og stefnt er að því að ljúka framvæmdum við nýjan gervigrasvöll fyrir sumarið 2021. Hugsað þarf að næstu

skrefum í skólauppbyggingu, bæði í tengslum við vaxtasvæði sveitarfélagsins sem og í tengslum við lengingu fæðingarorlofs og lækkun innritunaraldurs í leikskólum.

Starfsáætlun þessi tekur mið af stefnu Reykjanesbæjar sem ber yfirskriftina *Reykjanesbær – í krafti fjölbreytileikans*. Stefna Reykjanesbæjar, sem grundvallast meðal annars á *Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna*, er ætlað að vera okkur leiðarljós inn í framtíðina eða til ársins 2030. Verkefni starfsáætlunar fræðsluskrifstofu árið 2021 bera þess því augljós merki.

Uppbygging starfsáætlunarinnar er lítið breytt frá fyrri starfsáætlunum en að þessu sinni er gerð grein fyrir helstu hlutverkum, markmiðum og skipulagi þjónustunnar í einum og sama kaflanum undir fyrirsögninni, þjónustupættir.

Í viðauka eru sem fyrr birtar ýmsar lykiltölur en í þeim kafla má einnig líta yfirlit yfir helstu árangursmælikvarða fyrir starfsemi fræðslusviðsins.

Starfsfólk fræðsluskrifstofunnar kemur allt að mótun starfsáætlunarinnar. Hún er sameiginleg fyrir alla málaflokka innan fræðslusviðsins, þ.e. skóla-, íþrótt- og tómstundamál, enda er lögð rík áherslu á að menntun barnanna okkar fer ekki einungis fram í skólum, heldur einnig utan þeirra, til að mynda í íþrótt- og tómstundastarfi.

Þess ber að endingu að geta að lítið er á starfsáætlunina sem lifandi skjal sem á að vera í stöðugri endurskoðun. Þó að starfsáætluninni sé ætlað að vera áætlun yfir helstu verkefni ársins 2021 þá er hún jafnframt hugsuð sem áætlun til lengri tíma. Þannig má líta á yfirskrift helstu áherslupátta sem stefnumörkun til næstu þriggja ára þó að einstök verkefni undir hverri áherslu taki breytingum.

Fyrir hönd starfsfólks fræðsluskrifstofunnar,

Helgi Arnarson sviðsstjóri.




Efnisyfirlit

Tilvistargrundvöllur	6
Þjónustubættir	6
Heimsmarkmið.....	8
Stefna Reykjaneshæjar 2020-2030	9
Grunnstoðir starfsáætlunar	10
Helstu markmið starfsáætlunar fyrir 2021	10
Farsæld barna.....	11
Nám og líðan	12
Efling mannauðs	13
Reglubundin verkefni fræðslusviðs	14
Lykiltölur	15
Tafla 1. Fjöldi nemenda í grunnskólum Reykjaneshæjar.....	15
Tafla 2. Fjöldi kennara í grunnskólum Reykjaneshæjar	15
Tafla 3. Fjöldi nemenda í leikskólum Reykjaneshæjar.....	16
Tafla 4. Fjöldi leikskólakennara í leikskólum Reykjaneshæjar	16
Tafla 5. Nemendur og starfsfólk í Tónlistarskóla Reykjaneshæjar	17
Tafla 6. Fjöldi tví-/fjöltyngdra nemenda í grunnskólum Reykjaneshæjar	17
Tafla 7. Fjöldi tví-/fjöltyngdra barna í leikskólum Reykjaneshæjar.....	17
Tafla 8. Lykilárangursmælikvarðar.....	18

Tilvistargrundvöllur

Fræðsluskrifstofa veitir faglega forystu, mótar stefnu, annast stjórnsýslu, rekstur og þjónustu vegna uppeldis- og menntamála bæjarfélagsins ásamt því að annast ráðgjöf, hafa yfirumsjón og sinna eftirliti með faglegum og rekstrarlegum þáttum í leik- og grunn- og tónlistarskólastarfi. Fræðsluskrifstofan veitir einnig leik- og grunnskólum skólaþjónustu í samræmi við reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga (nr. 444 / 2019) sem tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Starfsmenn fræðsluskrifstofu styðja enn fremur við starfsþróun, nýsköpun og skipulag endur- og símenntunar í samráði við skólastjórnendur ásamt því að vera í góðum tengslum við aðrar stofnanir sem tengjast málaflokknum.



Þjónustupættir

Lögð er áhersla á að skólaþjónusta fræðsluskrifstofunnar mótist af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda óháð því hver veitir þjónustuna. Þannig skal velferð nemenda ávallt höfð að leiðarljósi. Þá er lögð áhersla á vönduð og fagleg vinnubrögð, þar sem stuðst er við viðurkenndar aðferðir og klínískar leiðbeiningar. Skólaþjónustan skal beinast að því að efla skólana sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem uppkoma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á. Skólaþjónustan veitir jafnframt sálfræðiþjónustu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja samkvæmt þjónustusamningi.



Í Reykjanesbæ starfa tíu leikskólar, sex grunnskólar, einn samrekin leik- og grunnskóli og einn tónlistarskóli. Leik- og grunnskólar hafa hver sína sérstöðu en allir leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag, hvetjandi leik- og námsumhverfi og veita góða alhliða menntun í samstarfi við heimilin. Tónlistarskóli Reykjanesbæjar starfar samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Nemendur eru á öllum aldri og öllum námsstigum upp að háskólastigi. Kennt er á öll hefðbundin hljóðfæri auk söngs, innan klassískrar og rytmískrar tónlistar. Daggæsla barna í heimahúsum fellur einnig undir þjónustu fræðsluskrifstofu en hún er starfrækt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í Reykjanesbæ er boðið upp á fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf þar sem megin áhersla er lögð á að efla jákvæðan og heilbrigðan lífsstíl barna og ungmenna. Umsjón með rekstri íþróttamannvirkja fellur undir starfsemi skrifstofunnar sem og öll samskipti og samningar við íþrótta- og tómstundafélög bæjarfélagsins. Fræðsluskrifstofan annast enn fremur rekstur félagsmiðstöðvar og ungmennahúss og hefur umsjón með forvarnarstarfi fyrir börn og unglinga.

Á fræðsluskrifstofu starfar þverfaglegur hópur sérfræðinga sem leggur sig fram um að veita þjónustuþegum sínum framúrskarandi þjónustu þar sem vingjarnlegt viðmót og virðing eru ávallt höfð í fyrirrúmi. Starfsfólk fræðsluskrifstofu veitir þjónustu í samræmi við skilgreint verklag og er lögð áhersla á að þeir sem til þjónustunnar leiti fái afgreiðslu á erindum sínum innan eðlilegra tímamarka. Lögð er enn fremur áhersla á að þjónustan sem veitt er einkennist af hlýju, fagmennsku, áreiðanleika, vandvirkni, trausti og umburðarlyndi.

Anna Hulda Einarisdóttir kennsluráðgjafi	Berglind Ósk Guðmundsdóttir talmeinafræðingur	Einar Trausti Einarsson yfirsálfræðingur	Erla Hafsteinsdóttir talmeinafræðingur	Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir sálfræðingur
Hafsteinn Ingibergsson forstöðumaður íþr.mannvirkja	Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi	Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir verkefnastjóri ÍSAT	Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi	Helgi Arnarson sviðsstjóri
Hulda María Einarisdóttir sálfræðingur	Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi	Katrín Ruth Þorgeirsdóttir hegðunarráðgjafi	Kolfinna Njálisdóttir deildarstjóri skólaþjónustu	Kristín Guðrún Reynisdóttir sálfræðingur
Lára Björg Grétarsdóttir sálfræðingur	Ólóf Kristín Guðmundsdóttir kennsluráðgjafi	Sigrún Birna Sigurðardóttir sálfræðingur	Vigdís Karlsdóttir kennsluráðgjafi	Þórdís Elín Kristinsdóttir hegðunarráðgjafi

Heimsmarkmið

Starfsáætlun fræðslusviðs tekur mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun en þau voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda til ársins 2030 eru 17 talsins með 169 undirmarkmið. Við gerð starfsáætlunar fræðslusviðs fyrir árið 2020 er leitast við að tengja áherslur og þróunarverkefni sviðsins við tilheyrandi heimsmarkmið á sama tíma og horft er til nýrrar stefnumörkunar Reykjanesbæjar.



Stefna Reykjanesbæjar 2020-2030

Stefna fyrir Reykjanesbæ og stofnanir hans 2020-2030 var samþykkt í bæjarstjórn 1. október 2019. Í framtíðarsýn stefnunnar, sem ber yfirheitið Í krafti fjölbreytileikans, er meðal annars kveðið á um að Reykjanesbær skuli vera fjölskylduvænn bær sem þroski og næri hæfileika allra í gegnum öflugt skóla-, íþrótta- og menningarstarf. Stefnan setur enn fremur þjónustu við börn í öndvegi, en hér fyrir neðan má sjá sex helstu stefnuáherslurnar settar fram með myndrænum hætti. Gildi stefnunnar eru *virðing*, *eldmóður* og *framsækni* en þau eiga að vísa okkur veginn í öllum okkar daglegu athöfnum.



Grunnstoðir starfsáætlunar

Stoðir starfsáætlunar taka mið af stefnuáherslum Reykjanesbæjar með *Börnin mikilvægust* í forgrunni. Þær lúta að fjölbreytilegu og kraftmiklu samfélagi, stuðningi og þróun mannauðs, heilbrigði og velferð og framsækni og nýsköpun. Stoðirnar tengjast ennfremur Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, einkum markmiðum um *Heilsu og vellíðan* (3), *Menntun fyrir alla* (4), *Jafnrétti kynjanna* (5), *Nýsköpun og uppbyggingu* (9) og *Aukinn jöfnuð* (10).

Í krafti fjölbreytileikans

Áhersla lögð á fjölmenningslegt skólastarf þar sem margbreytileika er fagnað, byggt á styrkleikum nemenda og stuðlað að jöfnum tækifærum fyrir öll börn. Áhersla sé einnig lögð á að koma til móts við fjölbreyttar þarfir barna í skóla-, íþrótta- og tómstundastarfi með það fyrir augum að þau verði virkir þátttakendur í samfélaginu.

Framsækni og nýsköpun

Áhersla lögð á að nýta framsækna skóla sem þroska og næra hæfileika allra með gæða menntun þar sem unnið er í átt að sjálfbærni og aukinni nýsköpun fyrir komandi kynslóðir. Áhersla er einnig lögð á skilvirka þjónustu sem hefur fjölskylduna í fyrirrúmi ásamt því að skapa umhverfi þar sem börn og starfsfólk fær tækifæri til þess að blómstra í leik og starfi til að auka kraft samfélagsins.



Heilbrigði og velferð

Áhersla lögð á að stuðla að heilbrigði og velferð nemenda og starfsfólks með það að markmiði að auka lífsgæði og jöfn tækifæri til heilbrigðs lífs og hamingju þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Áhersla sé einnig lögð á að skapa fleiri tækifæri til samvista fjölskyldna með samþættingu skóla- og tómstundastarfs.

Efling mannauðs

Áhersla lögð á að efla fagmennsku í þágu skólasamfélagsins með því að stefna að fjölgun fagmenntaðra ásamt því að veita starfsfólki aðgengi að öflugri endur- og símenntun. Áhersla sé einnig lögð á að bæta starfsaðstæður ásamt því að auka samstarf og samtal um skólastarf sem felur í sér faglegan stuðning.



Helstu markmið starfsáætlunar fyrir 2021

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu áherslum og markmiðum starfsáætlunar fyrir árið 2021. Markmiðin eru sett fram sem gæðamarkmið, mikilvæg og mælanleg og skilgreindar eru aðgerðir sem fara þarf í til að ná þeim. Hafa ber í huga að ekki er um tæmandi upptalningu að ræða og er unnið að fjölmörgum öðrum verkefnum á fræðsluviðinu jafnt og þétt yfir starfsárið.

Haldið verður utan um eftirfarandi verkefni með því að nota skipulagstólið *Planner* í *Teams*. Hvert og eitt verkefni er enn fremur sett upp í svokallaðan *Prist* sem er markviss aðferð til að stýra verkefnum. Þar er gerð grein fyrir núverandi stöðu, hvert skal stefna, mælanleg markmið sett fram og áætlun um framkvæmd og eftirfylgd.

Farsæld barna

Fyrsta áherslan fyrir starfsáætlun fræðslusviðs 2021 sem við köllum **Farsæld barna** snýr að því að auka gæði þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Gæðamarkmiðin þrjú sem hér fara á eftir miða að því að undirbúa innleiðingu nýs frumvarps sem fjallar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna en breytingarnar sem það boðar eiga að koma til framkvæmda í janúar 2022.

Gæðamarkmið | Gæðahandbók

Markmið	Að fjölga skráðum ferlum í gæðahandbók.
Aðgerð	Kortleggja og skrásetja ferla fræðslusviðs í gæðahandbók Rekjanesbæjar.
Tímasett	Allt árið 2021.

Gæðamarkmið | Samþætting þjónustu

Markmið	Að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.
Aðgerð	Að undirbúa þær breytingar sem frumvarp um farsæld barna boðar í samstarfi við velferðarsvið Reykjanesbæjar.
Tímasett	Allt árið 2021.

Gæðamarkmið | Landshlutateymi

Markmið	Auka þekkingu á færni í þjónustu við fötluð börn í heimabyggð, bæta grunnþjónustu þjónustukerfa við fötluð börn og fjölskyldur þeirra í nærumhverfi með samþættingu, miðlægum stuðning og eftirfylgd.
Aðgerð	Vinna að verkefnum sem stuðla að samþættri þjónustu fyrir fötluð börn eða þar sem grunur er um fötlun.
Tímasett	Allt árið 2021.

Nám og líðan

Önnur áherslan fyrir starfsáætlun fræðslusviðs 2021 nefnum við **Nám og líðan**. Gæðamarkmiðin þrjú sem hér eru dregin fram miða að því að stuðla að auknum áhuga og bættum árangri í læsi, auknum gæðum, nýsköpun og þróun í skólastarfi, auk þess að draga úr skólasóknarvanda.

Gæðamarkmið | Læsi - hjartans mál

Markmið	Að stuðla að auknum áhuga og árangri í læsi barna í grunnskólum Reykjanesbæjar.
Aðgerð	Að fara af stað með verkefnið <i>Varúð skólabörn!</i> sem miðar að auknum áhuga drengja á lestri með því að skapa nýstárlega lestrarupplifun. Samhliða verður unnið að <i>Samstarfsverkefni Reykjanesbæjar og Menntamálastofnunar um matstækið Lesferil</i> með það að markmiði að auka gæði læsiskennslu og bæta lestrarfærni grunnskólanema.
Tímasett	Vor- og haustönn 2021.

Gæðamarkmið | Nýsköpunar- og þróunarsjóður

Markmið	Að stuðla að nýsköpun, framþróun og öflugu innra starfi leik- og grunnskóla í Reykjanesbæ.
Aðgerð	Búa til hvata til nýsköpunar og þróunar í skólum Reykjanesbæjar. Veita styrki að upphæð tíu milljónir króna til verkefna sem stuðla að nýsköpun og þróun í skólastarfi.
Tímasett	Vor- og haustönn 2021.

Gæðamarkmið | Allir í skóla

Markmið	Að draga úr skólasóknarvanda.
Aðgerð	Skipa þverfaglegt teymi sem hefur það hlutverk að skilgreina verkefni, forgangsraða og huga að framkvæmd þeirra.
Tímasett	Vor- og haustönn 2021.

Efling mannauðs

Þriðja áherslan fyrir starfsáætlun 2021 er **Efling mannauðs**. Gæðamarkmiðin tvö sem hér eru sett fram miða að því að styðja við og um leið efla sérfræðinga og stjórnendur á fræðslusviði Reykjanesbæjar í sínum daglegu störfum og byggja upp sterka liðsheild

Gæðamarkmið | Öflugir sérfræðingar

Markmið Að styðja við og efla sérfræðinga á skrifstofu fræðslusviðs.

Aðgerð Skipulagt verður heildstætt starfsþróunarverkefni þar sem unnið verður með mikilvæga þætti sem nýtast starfsfólki í sínum daglegu störfum sem og liðsheildinni.

Tímasett Haustönn 2021.

Gæðamarkmið | Öflugir stjórnendur

Markmið Að styðja við og efla stjórnendur á fræðslusviði í störfum sínum og sem faglega leiðtoga.

Aðgerð Skipulögð verður heildstæð stjórnendabjálfun þar sem unnið verður með grundvallarhæfni öflugra leiðtoga.

Tímasett Haustönn 2021.

Reglubundin verkefni fræðslusviðs

	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
Skimun – Lestur												
Logos 6. bekkur		Endurmat									Fyrirlögn	Skil
Logos 8. bekkur					Fyrirlögn							
Logos 9. bekkur								Skil		Endurmat		
Hljóm 2									Fyrirlögn		Skil	
Lesferill - Lesskimun fyrir 1.-10. bekk	Fyrirlögn				Fyrirlögn				Fyrirlögn		Skil	
Skimun – Stærðfræði												
Talnalykill 3. bekkur											Fyrirlögn	Skil
Talnalykill 6. bekkur										Fyrirlögn	Skil	
Námskeið												
Uppeldi sem virkar		X	X	X	X				X	X	X	
Uppeldi barna með ADHD	X	X	X						X	X	X	
Klókir litlir krakkar			X	X	X							
Klókir krakkar									X	X	X	
Málþroski barna 2-6 ára						X			X			
Námstefna FRÆ								X				
Fræðslu- og samráðsfundir	X	X	X	X	X			X	X	X	X	X
Stjórnun												
Samráðsfundur fræðslusviðs	X	X	X	X	X			X	X	X	X	X
Skólastjórafundir leik-/grunnskóla	X	X	X	X	X			X	X	X	X	X
Fundir fræðsluráðs	X	X	X	X	X			X	X	X	X	X
Fundir íþrótta- og tómstundaráðs	X	X	X	X	X			X	X	X	X	X
Hátíðir												
Stóra upplestrarkeppnin			X									
Barnahátíð					X							
Hvatningarverðlaun					X	X						
Önnur verkefni												
Umsóknir til Jöfnunarsjóðs								X	X			
Skil á milli skólastiga					X	X		X				

Lykiltölur

Tafla 1. Fjöldi nemenda í grunnskólum Reykjanesbæjar

Bekkur Árgangur	1 2014	2 2013	3 2012	4 2011	5 2010	6 2009	7 2008	8 2007	9 2006	10 2005	Samtals	Skólaárið 2019-2020
Akurskóli	34	32	34	38	26	29	37	27	40	50	347	433
Háaleitis skóli	40	18	22	32	30	39	40	32	23	18	294	284
Heiðarskóli	33	35	36	51	42	46	35	41	37	42	398	414
Holtaskóli	40	33	25	40	49	51	39	44	42	46	409	395
Myllubakkaskóli	28	32	41	32	41	42	24	27	45	36	348	369
Njarðvíkurskóli	42	38	31	53	47	44	38	33	37	47	410	405
Stapaskóli	35	28	29	39	26	34	30	28	13		262	135
Samtals	252	216	218	285	261	285	243	232	237	239	2468	2435

*Tölur frá ágúst 2020

Tafla 2. Fjöldi kennara í grunnskólum Reykjanesbæjar

Skólar	Kennarar með kennsluréttindi	Leiðbeinendur 3 og 4; háskólanám t.d. BEd, BS	Leiðbeinendur 2 eru í BEd námi	Leiðbeinendur 1	Hlutfall kennara		
					2018- 2019	2019- 2020	2020- 2021
Akurskóli	29	8	2	3	59%	59%	69%
Háaleitis skóli	21	9	1	5	61%	58%	58%
Heiðarskóli	35	1	2	5	85%	82%	81%
Holtaskóli	35	3	2	2	88%	76%	83%
Myllubakkaskóli	33	4	2	4	76%	74%	77%
Njarðvíkurskóli	41	7	0	4	77%	69%	79%
Stapaskóli	11	9	5	4		20%	38%
Samtals	205	41	14	27	78%	76%	71%

*Tölur frá ágúst 2020

Tafla 3. Fjöldi nemenda í leikskólum Reykjanesbæjar

Leikskólar	Haut 2017	Haut 2018	Haut 2019	Haut 2020
Akur	130	130	137	121
Garðasel	97	97	95	89
Gimli	81	81	83	85
Heiðarsel	94	92	93	90
Hjallatún	107	106	114	107
Holt	95	97	87	83
Skógarás	57	70	80	80
Stapaskóli	-	-	-	68
Tjarnarsel	80	80	78	76
Vesturberg	92	91	92	91
Völlur	108	85	97	82
Samtals	941	929	956	972

Tafla 4. Fjöldi leikskólakennara í leikskólum Reykjanesbæjar

	Leiðbeinandi	Leikskólaliði eða önnur menntun	Leikskólakennari	Hlutfall leikskólakennara með réttindi
Akur	12	16	4	13%
Garðasel	20	1	9	30%
Gimli	9	5	8	36%
Heiðarsel	19	8	8	23%
Hjallatún	23	8	6	17%
Holt	12	4	8	33%
Skógarás	10	8	4	18%
Stapaskóli	9	1	4	27%
Tjarnarsel	8	4	12	50%
Vesturberg	18	4	6 (1 grunn)	22%
Völlur	8	7	9 (3 grunn)	38%
Samtals	148	66	78 (4 grunn)	27%

**Tölur frá janúar 2021*

Tafla 5. Nemendur og starfsfólk í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Nemendafjöldi í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar	855
Nemendur í forskóladeild	441
Nemendur í hljóðfæra- og söngnámi	414
Nemendur á biðlista	169
Starfsfólk í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar	44
Stöðugildi við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar	33,75

Tafla 6. Fjöldi tví-/fjöltyngdra nemenda í grunnskólum Reykjanesbæjar

Skólar	Fjöldi nemenda	Fjöldi nemenda í tví-/fjöltyngdu umhverfi	Hlutfall nemenda í tví-/fjöltyngdu umhverfi
Akurskóli	350	57	16%
Háaleitisskóli	293	155	53%
Heiðarskóli	399	76	19%
Holtaskóli	406	65	16%
Myllubakkaskóli	347	165	48%
Njarðvíkurskóli	406	94	23%
Stapaskóli	264	44	17%
Samtals	2465	656	27%

*Tölur frá janúar 2021

Tafla 7. Fjöldi tví-/fjöltyngdra barna í leikskólum Reykjanesbæjar

Leikskólar	Fjöldi barna í leikskólanum	Fjöldi barna í tví-/fjöltyngdu umhverfi	Hlutfall nemenda í tví-/fjöltyngdu umhverfi
Akur	120	22	18%
Garðasel	87	27	31%
Gimli	94	6	6%
Heiðarsel	92	25	27%
Hjallatún	105	52	50%
Holt	81	6	7%
Skógarás	80	25	31%
Stapaskóli	61	11	18%
Tjarnarsel	76	20	26%
Vesturberg	79	11	14%
Völlur	77	45	58%
Samtals	952	250	26%

*Tölur frá janúar 2021

Tafla 8. Lykilárangursmælikvarðar

Vidd	Hvað viljum við vita?	Hvernig mælum við það?	Hvaða mælikvarða notum við?	Hvar sækjum við gögnin?	Hve oft er mælt?	Markmið/ viðmið	Niðurstaða 2017	Niðurstaða 2018	Niðurstaða 2019	Niðurstaða 2020
Gæði þjónustu og menntunar	Hvernig er viðhorfið til þjónustunnar?	Ánægja nemenda af lestri	0-10	Skólavogin	Árlega	≥ 5	4,8	5,0	4,6	4,4
		Áhugi nemenda á stærðfr.	0-10	Skólavogin	Árlega	≥ 5	5,2	5,4	5,2	5,0
		Ánægja nemenda af náttúrufræði	0-10	Skólavogin	Árlega	≥ 5	5,2	5,3	5,2	5,0
		Ánægja foreldra með nám og kennslu (grunnsk.)	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	5,7	x	5,3	x
		Ánægja foreldra með stjórnun skóla (grunnsk.)	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 90%	94,4%	x	93,5	x
		Ánægja foreldra með leikskólann	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 90%	x	92,5%	x	91,2%
		Stjórnendur sýnilegir í daglegu starfi (leisk.)	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 90%	x	92,1%	x	92,8%
		Ánægja barnsins í leikskólanum	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 95%	x	94,8%	x	95,7%
		Hæfilegur fjöldi barna á deild (leisk.)	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 90%	x	91,6%	x	92,0%
	Hver er árangurinn, t.d. námsárangur?	Samr. próf - 4. b. ísl/stæ	0-60	Skólagátt	Árlega	≥ 30	29,9/35,1	26,4/29,3	26,6/30,4	28,4/31,2
		Samr. próf - 7. b. ísl/stæ	0-60	Skólagátt	Árlega	≥ 30	28,9/31,5	27,4/29,0	26,6/28,2	26,8/30,5
		Samr. próf - 9. b. ísl/stæ/ens	0-60	Skólagátt	Árlega	≥ 30	28/28/29,4	x/x/29,0	29,6/29,3/29,5	28,1/29,0/28,8
Heilbrigði og velferð	Hvernig er líðan barna og ungmenna?	Upplifun grunnskólanem. m.t.t. 6 velliðunarþátta	0-10	Skólavogin	Árlega	≥ 5	4,8	5,0	4,4	4,4
		Líðan grunnskólanemenda í skólanum að mati foreldra	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 90%	91,5%	x	90,1	x
	Hvernig er öryggi barna og ungmenna háttað?	Upplifun grunnskólanem. m.t.t. 6 þátta um einelti	0-10	Skólavogin	Árlega	≤ 5	5,3	5,1	5,6	5,6
		Ánægja foreldra með úrvinnslu eineltismála	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 70%/60%	70,4%	x	59,9	x
	Hvernig er þátttaka í íþróttum (tómstundum)?	Tíðni hreyfingar (2svar í viku eða oftar)	Hlutfall	Skólavogin	Árlega	≥ 45%	40,1%	43%	38%	42%
		Ánægja foreldra með tómstundaþjón/frístund	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5	5,2	x	5,0	x
Mannauður	Hvernig er viðhorf starfsfólks til starfsins?	Ánægja foreldra með mótuneyti í grunnskólum	Hlutfall	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 80%/70%	81,5%	x	85,9	x
		Starfsánægja í grunnskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	5,7	x	5,4	x
		Starfsánægja í leikskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	x	x	5,7	x
		Starfsandi í grunnskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	6	x	5,3	x
		Starfsandi í leikskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	x	x	5,8	x
		Starfsandi á fræðslurskrifstofu	1-5	Maskína	Árlega	≥ 4,2	x	x	x	3,8
		Viðhorf starfsfólks til stjórnunar í grunnskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	5,7	x	5,3	x
		Viðhorf starfsfólks til stjórnunar í leikskólum	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	x	x	5,5	x
		Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	5,9	x	5,2	x
		Ánægja með kennarastarfið	0-10	Skólavogin	2. hvert ár	≥ 5,5/5	5,5	x	5,2	x
Góð nýting fjármuna	Er rekstur innan fjárheimilda (FRÆ 04)?	Rekstrarniðurstaða m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	100,5%	99,4%	99,9%	99,1%
		Tekjur m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≥ 100%	109,4%	112,7%	130,5%	88,1%
		Launakostnaður m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	101,2%	100,3%	103,6%	99,9%
		Rekstrarkostnaður m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	100,7%	99,6%	97,2%	96,1%
	Er rekstur innan fjárheimilda (ÍT 06)?	Rekstrarniðurstaða m.v. Áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	98,8%	101,1%	99,1%	98,3%
		Tekjur m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≥ 100%	105,2%	107,4%	110,4%	100,9%
		Launakostnaður m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	100,1%	100,8%	99,2%	102,6%
		Rekstrarkostnaður m.v. áætlun	Hlutfall	Navision	Mánaðarl.	≤ 100%	100,8%	103,4%	102,9%	97,6%



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS